

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2026

2603001SO BG
Málalykill:50.22

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur), þskj. 955 – 565. mál

Í frumvarpinu sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi hefur verið horfið frá einu mikilvægasta atriði frumvarpsdraga sem voru í samráðsgátt, þ.e. að virkjunarkostir í vindorku yrðu undanþegnin þeirri meginreglu laganna að niðurstaða rammaáætlunar væri bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga. Sú breyting er verulegt afturhvarf frá fyrri drögum og að mati Samtaka orkusveitarfélaga felur hún í sér að gengið er lengra á skipulagsvald sveitarfélaga en áður stóð til. Það vekur sérstök vonbrigði að frumvarpið skuli þannig ganga í þveröfuga átt við þær áherslur sem settar voru fram í samráðsferlinu og sem sveitarfélög og samtök þeirra lögðu ríka áherslu á.

Skipulagsvald sveitarfélaga

Samtök orkusveitarfélaga leggja áfram ríka áherslu á að skipulagsvaldið sé einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga sem beri að virða. Í fyrri umsögn samtakanna var sérstaklega tekið undir það sem fram kom í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að það væri í samræmi við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga að virkjunarkostir í vindorku yrðu ekki bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir hefur þessi leið hins vegar verið felld brott. Í stað þess að virða skipulagsvald sveitarfélaga með skýrari hætti er nú aðeins lagt til að verkefnisstjórn horfi sérstaklega til formlegrar afstöðu viðkomandi sveitarfélags og nálægra sveitarfélaga. Samtökin telja það ekki fullnægjandi. Það er grundvallarmunur á því annars vegar að afstaða sveitarfélags sé eitt sjónarmið meðal fleiri í mati verkefnisstjórnar og hins vegar að sveitarfélag haldi raunverulegu forræði á skipulagi lands innan eigin marka.

Samtökin telja því nauðsynlegt að frumvarpið verði endurskoðað að þessu leyti og að aftur verði tekin upp sú leið sem lögð var til í samráðsdrögum, að niðurstaða rammaáætlunar um vindorku verði ekki bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Skipulagsáætlunir og biðflokkur

Samtökin ítreka einnig fyrri ábendingu sína um að sveitarstjórnnum eigi eingöngu að vera skylt að aðlaga skipulagsáætlunir sínar að nýtingarflokki og verndarflokki, en ekki biðflokki. Það er ekki ásættanlegt að virkjunarhugmyndir

sem óljóst er hvort fari í nýtingu eða vernd skuli hafa áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga og leiða til breytinga á aðalskipulagi áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir og hugsanlega hindra aðra uppbyggingu.

Þessi athugasemd samtakanna virðist ekki hafa fengið neina efnislega úrlausn í frumvarpinu. Að mati samtakanna er áfram full ástæða til að breyta lögunum þannig að aðlögun skipulagsáætlana vegna virkjunarhugmynda komi aðeins til þegar ljóst er hvort viðkomandi hugmynd fari í nýtingarflokk eða verndarflokk.

Samráð verkefnisstjórnar við sveitarfélög

Í fyrri umsögn lögðu samtökin áherslu á að ekki væri gengið nógu langt í lögunum til að tryggja gott og markvisst samráð við sveitarfélög. Samtökin lögðu til að lögfest yrði að sveitarfélög fengju afrit af gögnum þegar virkjunarhugmynd væri vísað til verkefnisstjórnar og að verkefnisstjórn hefði formlegt samráð við viðkomandi sveitarfélög frá upphafi máls. Einnig var bent á mikilvægi þess að faghópur 3 ætti formlegt samráð við sveitarstjórnir um samfélagsleg áhrif virkjanahugmynda.

Samtökin sjá að í frumvarpinu hefur verið brugðist við þessu að litlu leyti með því að mæla fyrir um að verkefnisstjórn skuli horfa sérstaklega til formlegrar afstöðu sveitarfélags. Það er jákvætt skref. Hins vegar er enn ekki kveðið nægilega skýrt á um formlegt, tímanlegt og virkt samráð við sveitarfélög í sjálfu ferlinu. Að mati samtakanna er ekki fullnægjandi að sveitarfélög komi aðeins að málinu í gegnum almennt samráð eða með því að senda inn afstöðu sína þegar á líður. Sveitarfélög þurfa að koma með formlegum hætti að málinu frá upphafi og í gegnum alla meðferð þess.

Að lokum

Samtök orkusveitarfélaga telja að frumvarpið hafi að þessu leyti tekið skref í ranga átt frá samráðsdrögunum, einkum með því að horfið hefur verið frá því að virða skipulagsvald sveitarfélaga með skýrari hætti. Þótt jákvætt sé að afstaða sveitarfélaga sé nú nefnd sérstaklega meðal sjónarmiða við mat á vindorkuhugmyndum vegur það ekki upp á móti því að frumvarpið gerir áfram ráð fyrir bindandi réttaráhrifum gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

Það er von Samtaka orkusveitarfélaga að tekið verði tillit til framangreindra athugasemda við meðferð málsins á Alþingi og lýsa samtökin sig reiðubúin til frekara samráðs um málið.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Ása Valdís Árnadóttir
Formaður